

Lagt fyrir fund velferðarráðs 4. febrúar 2026

Tillaga velferðarráðs styrkveitingu til Bjarkarhlíðar

Lagt er til að velferðarráð feli sviðsstjóra velferðarsviðs að leita leiða til að fjármagna starfsemi Bjarkarhlíðar um 6 milljónir króna, eða sem nemur hálfu stöðugildi, til að mæta auknu álagi í þjónustu og lengri biðtíma eftir viðtölum.

Greinargerð:

Bjarkarhlíð veitir sérhæfða, samþætta og aðgengilega þjónustu fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ofbeldi. Um er að ræða viðkvæman hóp sem oft glímir við afleiðingar áfalls og ofbeldis. Fyrir þennan hóp skiptir sköpum að þjónusta sé veitt tímanlega og án óþarfa tafa.

Undanfarið hefur bið eftir viðtali hjá Bjarkarhlíð lengst, sem bendir til þess að eftirspurn eftir þjónustunni fari fram úr þeirri mannafla- og fjárhagslegu getu sem nú er til staðar. Lengri biðtími getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þjónustuþega, aukið líkur á versnandi stöðu, brottfalli úr þjónustu og auknu álagi á önnur kerfi, svo sem heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Með því að styrkja Bjarkarhlíð um hálf stöðugildi er unnt að stytta biðtíma, auka samfellu í þjónustu og tryggja að brugðist sé hraðar og betur við þörfum þeirra sem leita þangað. Slík fjárfesting styður við markmið borgarinnar um öflugar ofbeldisvarnir, mannréttindi og velferð, og er í samræmi við áherslur um snemmtæka íhlutun og stuðning við fólk í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Tillagan miðar því að því að tryggja að Bjarkarhlíð geti áfram sinnt lykilhlutverki sínu af þeirri fagmennsku og gæðum sem þjónustan krefst.